



Skógarhögg með vélum – Nýting efnis

Magnús Þorsteinsson, Einar Birgir Kristjánsson

Tandrabretti ehf, Magnus@Tandrabretti.is Einar@tandrabretti.is tandrabretti@Tandrabretti.is

Fjallað verður um 4 ára sögu vélgrisjunar Tandrabretta í stuttu máli:

- Hvaða vélar hafa á endanum orðið fyrir valinu, bæði í höggi og útkeyrslu, nýtingu þeirra og framtíð á Íslandi.
- Áskoranir sem við stöndum frammi fyrir nú, þegar við erum að færast yfir í annan „fasa“ í skógræktinni. Stígar og plön sem vélar þurfa til að athafna sig og plön til að geyma og síðan flutningur bolanna í burtu til frekari vinnslu.
- Tölur yfir það magn sem fellt hefur verið á tímabilinu og hvar það hefur verið gert.
- Kynnt hvað verður um grisjunarvið hjá Tandrabrettum ehf. Afurðir og framleiðsla valin eftir því hvað hráefnið býður upp á.
- **Ilmur undirburður**, viðarperlur til notkunar í hesthúsum. Verksmiðja á Eskifirði sem byggð hefur verið upp á síðustu fimm árum og kostað rúmar 250 milljónir til dagsins í dag.
- **TandraOrka**, viðarperlur nýttar sem eldsneyti í viðarkatla, til dæmis á Hallormstað, ráðstefnugestum boðið að skoða ketilinn sem kyndir Hótel Hallormstað.
- **Ilmur viðarkol**, grillkol sem koma á markað nú í vor úr íslenskum grisjunarvið. Hrein afurð úr íslenskum skógi sem matreiðslumenn eru mjög hrifnir af að nota.

Vörurnar verða til sýnis utandyra á Hallormstað og notkun þeirra kynnt.

